

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

12. árg. 3. tbl., september 2000

Ábm.: Jófríður Guðmundsdóttir, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Dagskrá haustsins

Birkið er tekið að gulna – og stjórn Félags landfræðinga hefur vaknað af sumardvalanum. Gengið hefur verið frá dagskránni fram til áramóta. Við vonum að félagsmenn finni sitt hvað við sitt hæfi og slái hring utan um eftirfarandi dagsetningar í dagatölum sínum:

- 21. september** „*Grunnur nýrrar aldar 2*“: Ráðstefna um grunngögn, gæði gagna og aðgengi. Sjá næstu síðu.
- 6. október** „*Skaftafell and Vatnajökull: A “Wilderness” Experience over Half a Century.*“ Dr. Jack Ives, prófessor við Kaliforníuháskóla í Davis, mun halda opinn fyrirlestur við Háskóla Íslands í boði Félags landfræðinga og Jarð- og landfræðiskorar HÍ. Jack Ives er heimskunnur fyrir rannsóknir á háfjallasvæðum jarðar.
- 18. október** „*Landafræði – Maðurinn, auðlindirnar, umhverfið.*“ Jónas Helgason kynnir nýja kennslubók fyrir framhaldsskóla, sem Mál og menning gaf út á haustdögum.
- 15. nóvember** „*Umhverfisbreytingar og vindrof sunnan Langjökuls.*“ Fanney Gísladóttir flytur fyrirlestur um rannsóknarverkefni sem hún lauk haustið 1999 og var hluti af meistaraþrófi í landfræði við jarð- og landfræðiskor HÍ. Leiðbeinendur voru þau Guðrún Gísladóttir lektor og Ólafur Arnalds jarðvegsfræðingur við RALA.
- Desember** Jólaglögg/samsæti/kráarkvöld. Dagsetning hefur ekki verið fastsett.

Með von um glæsilega þáttöku í viðburðum haustsins!

Stjórnin ☺

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir

Bröttutungu 1
200 Kópavogi



Nýir landfræðingar

Þann 24. júní síðastliðinn útskrifuðust sex landfræðingar með BS-próf frá Jarð- og landfræðiskor HÍ. Nöfn þeirra og heiti lokaverkefna má sjá hér að neðan. Að venju er um fjölbreytt verkefni að ræða sem taka til allra þriggja meginviða fagsins – náttúru- og mannvistarlandfræði og landfræðilegra aðferða. Félag landfræðinga óskar hinum nýbökkuðu landfræðingum til hamingju. Við hlökkum til að sjá athyglisverð verk frá ykkur í framtíðinni.

Nýir BS-landfræðingar:

Björn Traustason: *Áhrif göngufólks á jarðveg í Skaftafelli og Beruvíkurbrauni á Snæfellsnesi*

Edward Hákon Huijbens: *Reykjavík: Borg tækifæra*

Hilmar E. Sveinbjörnsson: *Örnefni tengd landbúnaði og sjávarútvegi í Kirkjubólshreppi á Ströndum*

Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir: *Breytingar á starfsemi íslenskra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er selja erlendum ferðamönnum ferðir um Ísland*

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir: *Aðlögun HBV-rennislíkana að landfræðilegum upplýsingakerfun*

Sölvi Þór Bergsveinsson: *Hönnun hæðarlíkans fyrir landgræðslutilraunir á Geitasandi á Rangárvöllum*

Einnig bættist fyrir skemmstu í hóp landfræðinga Örn Daníel Jónsson, en hann varði doktorsritgerð við landfræðideild Hróarskelduháskóla í mars síðastliðnum. Ber ritgerð Arnar titillinn *Regional Aspects of the Icelandic Innovation System* og fjallar um nýsköpun og svæðisbundna þróun á Íslandi. Örn er maður margra hæfileika og áhugasviða. Hann hóf akademískan feril sinn sem félagsfræðingur, með áherslu á atvinnulífsfræði og nýsköpun. Hann var aðstoðarforstjóri Iðntæknistofnunar og síðan forstöðumaður Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands í fimm ár. Hann hefur undanfarin ár kennt við Jarð- og landfræðiskor HÍ, en tók síðla sumars við stöðu prófessors í nýsköpunarfræðum innan Viðskipta- og hagfræðideildar. Við óskum Erni til hamingju með bæði gráðu og stöðu.

kb

Grunnur nýrrar aldar 2

Grunngögn, gæði gagna og aðgengi

Fimmtudaginn 21. september kl. 13:00, Grand Hótel Reykjavík

Félag landfræðinga, Íslenska kortagerðarfélagið og LÍSU–samtökin standa sameiginlega að ráðstefnu 21. september um grunngögn, aðgengi og gæði gagna. Fyrir tveimur árum héldu sömu aðilar ráðstefnuna „Grunnur nýrrar aldar“ sem 130 manns sóttu. Tílfni þessarar ráðstefnu er að huga að því hvað hefur áunnist og hvert stefnir.

DAGSKRÁ:


13:00-13:10	Skráning	
13:10-13:15	Setning ráðstefnunar	
13:15-13:35	Jón Vilberg Guðjónsson: Fasteignamat ríkisins.	Landskrá fasteigna
13:35-14:00	Eydís Líndal Landmælingar Íslands	IS 50V
14:00-14:10	Stutt hlé	
14:00-14:40	Skúli Víkingsson Orkustofnun	Staða grunnkorta á Íslandi
14:40-15:00	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir Verkfræðistofa VST	Afhending gagna
15:00-15:20	Kaffihlé	
15:20-16:10	Kynning fyrirtækja Ísgraf, Snertill og Samsýn	Ný tækni og hugbúnaður
16:10-16:40	Umræður Ráðstefnuslit	

Verð: 4000 félagsmenn, 8000 aðrir, 1000 námsmenn
Skráning á skrifstofu LÍSU: sími 530 9110 eða lisa@aknet.is

Af Náttúrufræðingatali

eða: Einn náttúrufræðingur, tveir náttúrufræðingar, þrjú náttúrufræðingar...

Albert Svan Sigurðsson, varaformaður FL, hefur tekið sæti í ritnefnd Náttúrufræðingatala. Á fundi ritnefndarinnar 13. sept. var samþykktur (með örfáum fyrirvörum) útgáfusamningur við Mál og mynd hf. um útgáfu verksins. Skv. honum mun Náttúrufræðingatal koma út fyrir apríl 2003. Aðildarfélag FÍN skulu senda félagskrár sínar inn hið fyrsta og senda faggreinar og sögu félagsins inn fyrir 1. mars 2002. Höfundar greina fá engin höfundarlaun skv. útgáfusamningnum en fá þess í stað eintak af verkinu. Mál og mynd hf. mun hafa nær óskertan einkarétt á útgáfu verksins fyrstu árin eftir útgáfudag, en á móti mun fyrirtækið taka að sér alla gagnasöfnun og vinnu við undirbúning verksins. Náttúrufræðingatal sem unnið var fyrir 1996 verður nýtt að fullu fyrir þetta verk ásamt greinum sem þá voru sendar inn. Á næstunni verður haft samband við greinarhöfunda fyrri greina og þeir inntir þess hvort þeir séu samþykkrir því að falla frá höfundalaunum og þiggja eintak af verkinu þess í stað.



Norræn ráðstefna um landupplýsingakerfi



Skráning stendur nú yfir á einn stærsta viðburð á sviði landupplýsingavinnslu hér á landi til þessa. Þetta er norræn ráðstefna um landupplýsingakerfi, sem haldin verður í Reykjavík dagana 25.-29. október á Radisson SAS Saga Hotel. Ráðstefnan er haldin á vegum **GI Norden**, norrænna samtaka á sviði landupplýsinga og **LÍSU**, samtaka um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla.

Notkun stafrænna landupplýsinga eykst gífurlega og um leið eykst þörfin fyrir góð gögn og örugga miðlun þeirra. Með landupplýsingakerfi er hægt að samræma gögn frá ólíkum svæðum, tengja töflur og texta við kortagrunna og meðhöndla gögnin á ýmsan hátt.

Dagskrá ráðstefnunnar er umfangsmikil og þétt, hlaðin fróðleik og léttara efni. Ráðstefnan hefst miðvikudagskvöldið 25. október með móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur. Dagana 26. og 27. október verða síðan flutt 44 fróðleg erindi Öll erindin fjalla um notkun landupplýsinga eða landupplýsingakerfa á ýmsum sviðum, m.a. eru erindi um umhverfi, náttúruvá og neyðarþjónustu, lagnir, samgöngur, staðla, aðferðir við skráningu heimilisfanga, nýja tækni, verðmæti og gæði landupplýsinga og miðlun þeirra um Vefinn. Alls eru 28 erindi frá erlendum fyrirlesurum og 16 erindi eru frá Íslandi. Erindum er raðað niður á 12 fundi og verða tveir og tveir fundir samhliða.

Sérstök sýning verður á ráðstefnuáfangum á því nýjasta sem er að gerast í tækni, framleiðslu og búnaði á sviði landupplýsingakerfa.

Auk fyrirlestra og sýningarhalds er boðið upp á ævintýrakvöld og veislukvöldverð. Á laugardagsmorgni 28. október verða haldnir minni fundir um sér málefni fyrir hádegi, m.a. um samstarf á sviði rannsókna á sviði landupplýsinga. Eftir hádegi á laugardegi verður boðið uppá þrjár skoðunarferðir út á land. Skráning á ráðstefnuna er hjá Samvinnuferðum Landsýn og veita Unnur Björk Guðmundsdóttir (unnurb@samvinn.is) og Þórunn Ingólfssdóttir (thorunn@samvinn.is) nánari upplýsingar.

Dagskrá, verð, skráningareyðublað og nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá: www.ginorden.org og www.rvk.is/lisa